

Tillaga að ályktun um heitavatnsleit á Gálmaströnd

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 18. og 19. október 2024 á Laugarhóli í Bjarnafirði ályktar að mikilvægt er að heitavatnsleit á Gálmaströnd í Steingrímsfirði ljúki þannig að líkleg orkunýting geti hafist. Fyrir liggur áhugi fjárfesta á uppbyggingu t.d. landeldis í Steingrímsfirði, í kjölfar heitavatnsnýtingar á Gálmaströnd.

Flutningsmaður tillögu: Fyrir hönd Strandabyggðar, **Matthías Sævar Lýðsson**

Greinargerð:

Um árabíl hafa menn talið sig vita um heitt vatn á Gálmaströnd í Steingrímsfirði og telja sumir þetta mesta jarðhitasvæði á Vestfjörðum. Borað hefur verið eftir heitu vatni í gegnum árin, nú síðast á þessu ári, 2024. Ekki tókst að klára þá verkþætti sem þar var lagt upp með en telur Orkubú Vestfjarða að aðeins þurfi smávægilegar þverboranir til að ná í heitt vatn. Nýting þess hefur mikið verið rædd, bæði út frá áhuga fjárfesta en einnig í ljósi nýtingarmöguleika Hólmavík.